



ÖLFUS

Húsreglur fyrir Versali, menningar- og samkomuhús

- Versalir, menningar- og samkomusalir Ölfuss, eru staðsettir í Ráðhúsi Ölfuss. Markmiðið með rekstri Versala er að íbúar Ölfuss hafi stað þar sem hægt er að vera með samkomur, fundi, ráðstefnur og ýmsa viðburði. Hægt er að leigja hluta af húsinu eða allt húsið fyrir veislur, samkomur, fundi eða ráðstefnur.
- Þeir sem panta aðstöðuna gera það hjá húsverði. Hann veitir aðgang að húsinu eftir að hafa kynnt fyrir viðkomandi húsreglurnar. Þegar húsinu er skilað tekur húsvörður það út til að ganga úr skugga um að því sé skilað í sama ástandi og það var fengið.
- Þegar húsið er tekið á leigu, eða fengið leyfi til að nota aðstöðuna, skal húsverði gerð grein fyrir hver ábyrgist að gengið sé vel um húsið og umhverfi þess.
- Leigutaki þarf að skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu við leigu á sölunum.
- Leigjandi ber ábyrgð á búnaði meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón sem kann að verða á meðan hann hefur húsnæðið á leigu.
- Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði, skjávarpa og öðrum lausamunum.
- Leigutaki þvoti leirtau, þurrki af borðum og gangi frá í eldhúsi. Á öðrum stöðum skal taka allt rusl, þurrka af borðum og raða stólum samkvæmt leiðbeiningum húsvarðar.
- Ekki er leyfilegt að nota reykvélar vegna brunavarnarkerfis í húsinu.
- Fara skal að lögum og reglum sem um húsið gilda, m.a. að skemmtanahald skal aldrei vera lengur en leyfi hússins segir til um (virka daga til kl. 01:00 og helgar til kl. 03:00), að hámarksfjöldi gesta í húsinu skal ekki fara yfir 400, að allar útgönguleiðir séu sýnilegar og þeim haldið opnum og að lágmarksgæsla sé á staðnum þegar um stórar skemmtanir er að ræða.
- Leigjandi kemst inn í húsið að morgni þess dags sem húsið er tekið á leigu. Einungis er hægt að komast inn fyrir ef húsið er laust og tilbúið til útleigu.